

1148. stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 08.06 2016, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 0. hæð.

Mætt voru: Ólafía Björk Rafnsdóttir, Benóný Valur Jakobsson, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Harpa Sævarsdóttir, Helga Ingólfssdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Rannveig Sigurðardóttir, Sigmundur Halldórsson, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigurður Sigfússon, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Árni Leósson sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins: Herdís Magnúsdóttir sviðsstjóri og Rósmarý Úlfarsdóttir deildarstjóri

Dagskrá:

- 1. Fundargerð 1147. stjórnarfundar VR var lögð fram til samþykktar.**
Ólafía Björk lagði fram fundargerð 1147. stjórnarfundar til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

- 2. Kjaramál – staðan**

Ólafía Björk ræddi Þjóðhagsráð sem stofnað var í dag án aðkomu ASÍ eða BSRB en stofnun þess var hluti af kjarasamningi. Tekist hefur verið á um hlutverk og markmið ráðsins eftir að felldur var út þáttur velferðar- og félagsmála og af því tilefni var send út yfirlýsing í morgun. Las hún þá næst upp yfirlýsinguna. Kom þar m.a. fram að ASÍ og BSRB gera kröfu til þess að Þjóðhagsráð fjalli ekki einungis um forsendur efnahagslegs stöðugleika heldur einnig forsendur félagslegs stöðugleika í samfélaginu. Höfum við lagt til að myndaður verði annar samhliða vettvangur um samræðu fulltrúa stjórnar og stjórnarandstöðu og fulltrúa samningsaðila á vinnumarkaði. Þar geti þessir aðilar freistað þess að mynda breiða samstöðu um meginviðfangsefni og forgangsröðun í uppbyggingu velferðarkerfisins og fjármögnun þess. Eins og staðan er nú munum við því ekki taka þátt í vinnu ráðsins.

Umræður.

Ólafía Björk sagði þá næst frá vinnu við að koma á hámarki á kostnaði við lækniþjónustu sem rætt var í tengslum við síðustu kjarasamningagerð. Í framhaldinu byrjuðu stjórnvöld að vinna með 90 þúsund kr. hámark en við höfum náð því niður í kr. 50 þúsund og sem nú hefur verið staðfest.

Þá næst fór hún yfir samkomulag milli ASÍ og SA um framkvæmd á hækkun framlags atvinnurekenda í lífeyrissjóði á grundvelli samnings aðila frá 21. janúar 2016. Kom m.a. fram að í viðræðum aðila hafa verið lagðir fram útreikningar sem sýna að ráðstöfun iðgjalds í bundna séreign hafi óveruleg áhrif á tryggingafræðilega stöðu sjóðanna. Einnig að ljóst sé að tíminn fram til 1. júlí 2016 er ekki nægur til að lífeyrissjóðirnir geti sett upp gagnsætt og skilvirkt kerfi svo sjóðsfélagar geti tekið upplýsta ákvörðun um að ráðstafa hluta skyldutryggingariðgjalds í bundna séreign og áhrif þeirrar ákvörðunar á

samsetningu réttinda sinna. Því sé óhjákvæmilegt að fresta gildistöku þeirrar heimildar til 1. júlí 2017.

Hækkun framlags atvinnurekenda um 0,5% frá og með 1. júlí 2016 verður því fyrst um sinn ráðstafað til samtryggingar viðkomandi lífeyrissjóðs þar til valrétturinn tekur gildi frá og með 1. júlí 2017. En sammála er sammála um að réttur launamanns til þess að ráðstafa hluta eða allri hækkun framlags atvinnurekenda í bundna séreign taki gildi frá og með 1. júlí 2017 og getur þá orðið 2%. Jafnframt verði launamanni heimilt að bæta við allt að 1,5% frá og með 1. júlí 2018 og ná þá 3,5% hámarkinu. Sá fyrirvari er settur við gildistöku þessa valréttar að samkomulag hafi náðst við stjórnvöld um breytingar á lögum nr. 129/1997 en ella muni iðgjöldin renna til samtryggingar.

Umræður.

Að loknum umræðum sagði Ólafía Björk að hún myndi svo senda trúnaðarráði og trúnaðarmönnum allar þessar upplýsingar eftir að fundað hafi verið í miðstjórn ASÍ næsta miðvikudag.

Næst ræddi Ólafía Björk nýsamþykkt frumvarp um húsnæðismál. Mikið hafi verið fundað í tengslum við þetta mál og fengum við megnið af okkar athugasemdum samþykktar en hart var tekist á um sum atriðin m.a. heiti sjálfs frumvarpsins. Síðan átti hún einnig fund í vikunni með Eygló Harðardóttur félags- og húsnæðismálaráðherra til að ræða mögulega fjölgun íbúða í fyrsta áfanga eða jafnvel að frekar verði stutt sérstaklega við fólk í millitekuhópnum á húsaleigumarkaði. Ræddu þær um að það gæti þó boðið þeirri hættu heim að leiguverð myndi hækka vegna slíkra aðgerða. Auk þessa ræddu þær aðra möguleika í stöðunni. Loks upplýsti hún um að búið væri að ráða framkvæmdastjóra fyrir húsnæðisleigufélagið.

Þá ræddi Ólafía Björk um undirbúningsvinnu við s.k. Holden vinnnumarkaðslíkan en fundur var haldinn með Holden og aðilum á vinnnumarkaði á Grand Hótel Reykjavík og voru þar saman komnir fleiri aðilar heldur en bara þeir sem eru aðilar að SALEK samkomulaginu. Holden fór yfir samantekt sína og ræddi m.a. hvernig þessu er háttað á Norðurlöndunum. Klárar hann sína skýrslu í sumar og vonandi náum við svo að halda stóra fundinn okkar í haust sem við urðum að fresta nú í vor.

Umræður.

Sigmundur mætti hér til fundar kl. 17:25

Nú gerði Ólafía Björk matarhlé kl. 17:30

Að loknu matarhlé kl. 18:50 setti hún aftur fund og óskaði dagskrárbreytingar. Óskaði hún eftir því að næst yrði farið í auglýstan dagskrárlið nr. 5 sem er kynning á Þjónustu- og mannauðssviði VR þar sem starfsmenn væru mættir til að kynna málið.

Samþykkt.

3. Sviðskynning – Þjónustu- og mannauðssvið VR

Herdís Magnúsdóttir sviðsstjóri og Rósmarý Úlfarsdóttir deildarstjóri hófu nú kynningu á sviðinu á glærum á skjá.

Kom m.a. fram að sviðið skiptist þannig niður:

Þjónustudeild

*Sjúkrasjóður

*Orlofsjóður

*Starfsmenntasjóður

VIRK starfsendurhæfing

Atvinnuráðgjöf

Mannauðsmál

Þá er starfinu skipt þannig í þjónustudeild að svarað er póstum á vr@vr.is í Vestmannaeyjum en móttaka og yfirferð rafrænna umsókna í vara- og starfsmenntasjóð er á Egilsstöðum. Almenn móttaka félagsmanna og afgreiðsla er í Reykjavík og þar er einnig afgreiðsla sjúkrasjóðs en símsvörun er á Akranesi. En vel er fylgst með þróun fjölda erinda, símtala og heimsókna þannig að staðan er stöðugt metin.

Varðandi mannauðsmálin þá kom m.a. fram að heildarfjöldi starfsmanna er 55 og erum við með margar stefnur til að styðja við starfið svo sem starfsmannastefnu, jafnréttisstefnu, eineltisstefnu og fjölbreytnistefnu. Þá er sérstök öryggisnefnd, trúnaðarmaður ofl.

Þá hefur verið unnin sérstök þjónustustefna og var henni nú dreift til fundarmanna í prentuðum bæklingi.

Umræður og fyrirspurnir.

Helga mætti hér til fundar kl. 19:25

Að loknum umræðum og fyrirspurnum var þeim Herdísi og Rósmarý þakkað fyrir áhugaverða kynningu með lófataki. Þær véku því næst af fundi kl. 19:30

Dagskrárliður nr. 2 framh.

Mansal

Að lokinni kynningu á Þjónustu- og mannauðssviði var áfram haldið þar sem frá var horfið í dagskrárlið nr. 2 og fjallað um mansal og stöðu mála hjá VR í því samhengi.

Ólafía Björk sagði að fyrst þurfum við að gæta þess hvernig við notum orðið „mansal“ svo það sé eingöngu notað þegar það á við því ella sé hætta á gjaldfellingu orðsins. Var lagt fram skjalið „*Mansal - Verklag VR vegna mansals*“ og fór Stefán yfir efni þess á skjá.

Kom fram í máli hans að við byggjum okkar verklag á vinnu Starfsgreinasambandsins í málaflokknum.

Fór hann m.a. yfir skilgreiningu á mansali, hver séu einkenni mansals á vinnustaðnum og meðal starfsfólks. Þá hverjir séu sérstaklega viðkvæmir fyrir mansali og hvers konar aðstæður geta verið viðkvæmar.

Fór hann svo yfir nokkrar spurningar sem hægt er að spyrja til þess að reyna að greina hvort um mansal sé að ræða en lagði þó áherslu á að það sé ekki stéttarfélagsins að rannsaka mansal heldur sé það ávalt á hendi lögreglu.

Ólafía Björk sagði svo að komið sé í gang mansalsteymi hagsmunaaðila á vinnumarkaði í samstarfi við SA og þar hafi Halldór Grönvold hjá ASÍ farið fyrir undirbúningsvinnunni.

Umræður.

4. Jafnlaunavottun VR

Ólafía Björk sagði að stjórnvöld hafi staðið sig vel í að koma sinni vottun á Jafnlaunastaðlinum í gang. Ljóst sé að við ætlum okkur ekki í samkeppni við stjórnvöld um vottun. Lítur því út fyrir að nú sé komið að þeim tímapunkti að hægt sé að afhenda þeim keflið. Skemmtilegt sé að segja frá því að stefnt er að því að leikkonan Emma Watson komi í heimsókn til Íslands í október og m.a. afhendi fyrstu vottun stjórnvalda. Lagði Ólafía Björk þá næst fram minnisblaðið „*Minnisblað um stöðu Jafnlaunavottunar VR*“ þar sem m.a. var listað hverjir hafi fengið Jafnlaunavottun VR með dagsetningum endurnýjunar ofl. Hún stefnir að því að eftir að hafa fundað með ráðherra munum við senda bréf til okkar fyrirtækja og stofnana með vottun og bjóðum þeim að endurnýja vottunina hjá ríkinu. Við höfum sagt upp samningi okkar við vottunarfyrirtækið BSI en við gætum þó hugsanlega endurnýjað þann samning til skemmri tíma ef við viljum en við munum skoða betur með framhaldið á því.

Umræður.

5. Tryggingafræðileg úttekt á Sjúkrasjóði VR

Stefán fór yfir glærur Bjarna Guðmundssonar tryggingastærðfræðings, sem voru samantekt hans á helstu niðurstöðum skýrslunnar “*Tryggingafræðileg úttekt á sjúkrasjóði VR 2015*” sem hann gerði og skilaði okkur nýlega.

Kom m.a. fram að Bjarni hafi metið stöðu sjóðsins á þrjá vegu:

- I. Óbreytt samsetning sjóðfélaga (Nýliðun óbreytt frá því sem nú er)
- II. Núverandi hópur reiknaður fram til 67 ára, ekki gert ráð fyrir nýliðun
- III. Nýr sjóðfélagi sem byrjar 25 ára

Miðað við óbreytta samsetningu sjóðsfélaga sýndi rekstur afgang með núverandi styrkjakerfi um 25% en ef ekki er gert ráð fyrir nýliðun væru það 5% og síðan 4% ef miðað væri við nýjan árgang sjóðfélaga við 25 ára aldur.

Niðurstaða hans er að staða sjóðsins miðað við núverandi styrkjakerfi sé góð og það þótt bætur sé meiri en í mörgum öðrum sjóðum. Ávöxtun er fremur góð, rekstrarkostnaður lágur og framlag til varasjóðs innan marka þess sem sjóðurinn ræður við.

Niðurstaðan er því jákvæð en auðvitað megi ekki gleyma áhættu sem geti stafað af auknum veikindaförföllum með auknum aldri.

Þá næst fór hann yfir málið miðað við reiknilíkan fyrir lífeyrissjóði og síðan fyrir sjúkrasjóði og fór hann yfir á töflum nokkur atriði um m.a. hlutfall dagpeninga af iðgjaldagreiðslum eftir kyni, aldri, mannfjöldatölur o.þ.h. Niðurstaða Bjarna er sú að VR búi við mjög hagstæða samsetningu félagsmanna m.t.t. aldurs fyrir sjóðinn.

Fundi var slitið kl. 20:30
Árni Leósson, fundarritari